

Elkem Ísland ehf.  
Grundartanga  
301 Akranes

Reykjavík, 23.6.2023  
UST202301-141/S.M.  
08.07.02

## Reglubundið fyrra eftirlit í Elkem

Þann 22. júní sl. fór fram reglubundið fyrra eftirlit í Elkem á Grundartanga. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fráviki frá 17. maí 2022 er varðar ryk í mölunarlínu 1 hefur verið lokað.

### Í eftirliti nú kom fram eitt frávik er varðar:

1. **Gr. 1.3 í starfsleyfi, sbr. b-lið 1. mgr. 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. rg. 935/2018.** Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir. Fram kom í eftirliti að verksmiðja Elkem uppfyllir ekki að fullu þær kröfur sem fram koma í BAT niðurstöðum fyrir iðnað með járnlausan málm.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 21. júlí 2023.**

Virðingarfyllt

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur

Kristín Kröyer  
sérfræðingur